

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1320*  
*komudagur 29.1.2013*



**Skrifstofa Alþingis**  
**Alþingishúsinu**  
**við Austurvöll**  
**150 Reykjavík**  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Akureyri, 22. janúar 2013.

**Málefni: Athugasemdir við „Frumvarp til laga um náttúruvernd“.**

**Þingskjal 537 — 429. mál. Dags. útbýtingar: 21.12.2012**

Í frumvarpi að nýjum náttúruverndalögum eru atriði sem við gerum athugasemdir við.

**Almennar athugasemdir við frumvarpið:**

Við teljum að brotnar séu bæði jafnræðis- og meðalhófsreglur með þeim takmörkunum sem eru á rétti til ferðalaga og nýtingar á hálendinu sem fram koma í mörgum greinum þessa frumvarps.

Í markmiðssetningu laganna kemur fram að tryggja eigi rétt almennings til að fara um landið og stuðla að almennri útivist. Seinni greinar frumvarpsins eru í ósamræmi við þetta markmið, þar sem örfáir komast hjá því að nýta sér vélknúinn ferðamáta á einn eða annan hátt á ferðalögum um hálendi Íslands.

Hugmynd að notkun kortagrunns eins og fram kemur í 32. gr. og í bráðabirgðarákvæði er algjörlega óframkvæmanleg. Þetta mun að öllum líkindum stöðva alla útgáfu Íslandskorta og Landmælingum Íslands verði færður einum réttur til útgáfu korta. Finna ætti aðra lausn sem gerir þessa grein óþarfa og falli þá úr lögum þessum.

Frumvarpið mismunar ferðamáta manna með miklum fordómum gegn umferð vélknúinna farartækja á jörðu.

**Við gr. 31:**

Ráðherra er í mörgu tilnefndur þar á meðal varðandi takmarkanir og bönn vegna óþæginda sem einhverjir aðilar hafa af akstri annarra á jöklum og snævi þakinni jörð. Tilgangur þessa ákvæðis er að þrengja að akstri á ákveðnum svæðum jökla og snævi þakinni jörð. Þetta er í sömu grein og fjölda aðila er gefin undanþága frá algjörri banni við akstri ökutækja utan vega.

Mótmælt er að þessir aðilar þurfi ekki að gera grein fyrir hvort þeir hafi búnað til utanvegaakstur sem forðar þeim frá því að valda náttúruspjöllum. Sömu aðilar þurfa heldur ekki að gera grein fyrir því hvar, hversvegna og hvenær þeir nýta sér þessa undanþágu. Eins og utanvegakstur er skilgreindur þá þarf allra líklegast að lagfæra hjólför, þannig að slóð þessa „löglega utanvegaksturs“ verði ekki að villuslóð annarra.

Hér er gerð tillaga að breyttri 31. gr.:

„Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum. Heimilt er að stöðva og leggja vélknúnum ökutækjum þétt við



veg ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slysaþættu, þó þannig að samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda er varða umferðaröryggi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna lögreglustarfa, sjúkraflutninga og björgunarstarfa. Ráðherra skal, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveða í reglugerð á um undanþágur frá banni skv. 1. másl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landgræðslu og heftingu landbrots, landmælingar, línu- og vegalagnir, lagningu veitukerfa og rannsóknir. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að veita undanþágur vegna annarra sérstakra aðstæðna og skal ráðherra í reglugerð samkvæmt grein þessari kveða á um nánari skilyrði fyrir veitingu þeirra. Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er öikumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum. Verði náttúruspjöll af heimilum utanvegaakstri skal sá er veldur þeim tilkynna þau til Umhverfisstofnunar, sem metur viðbrögð. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og frosinni og snævi þakinni jörð þar sem hætta er á náttúruspjöllum.

Ólögmaður akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 91. gr.

Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í umsýsluáætlun fyrir svæðið ganga framur undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr.“

#### **Við gr. 46:**

Skilgreining á óbyggðum víðernum er allt of opin og gefur tilefni til þess að óttast að hún verði notuð í þeim tilgangi að hindra för almennings um landið sitt, þar sem fararmáti flestra er bannaður í „óbyggðum víðernum“. Þetta er byggt á því að ráðherra þarf ekki að byggja ákvörðun sína á ráðgjöf annarra og honum engin takmörk sett hvar hann friðlýsir skv. þessari grein. Tilgangur þessarar greinar er að koma í veg fyrir umferð vélknúinnar umferðar á jörðu niðri, þannig að gangandi geti í einveru helgað sér stór landsvæði á kostnað alls almennings. Við teljum að skilgreining á „óbyggð víðernum“ sé algjörlega óþörf í íslenskum náttúrverndarlögum og tilgangurinn í besta falli vafasamur.

Ákvæði um að gefa fámennum hóp ferðalanga frið til að stunda einveru í almannarými er ótrúleg og þá eru viðbrögðin þau að banna umferð vélknúinna farartækja á jörð. Ekkert er minnst á truflandi áhrif frá fljúgandi umferð, flugvéla og þyrta, sem eru mörgum sinnum háværari.

Hér er þó gerð tillaga að breytttri 46. gr.:

„Friðlýsa má sem óbyggð víðerni, stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Óbyggð víðerni skulu vera a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð og að jafnaði vera í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Friðlýsingin skal miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, vísýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar náttúrunnar.

Landsvæði óbyggðra víðerna skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.“

#### **Við gr. 47:**



Notkun orðsins „friðlýsing“ í stað þess að „stofna þjóðgarða“ er að okkar mati ekki rétt orðalag. Því leggjum við til að þjóðgarður sé stofnaður í stað þessa að friðlýsa svæðið í heild. Í núverandi lögum er talað um stofnun þjóðgarða, fólkvanga, o.s.frv.

#### **Við gr. 90 og 91:**

Hér gerum við athugasemdir við ákvæði þessara greina og þá refsigleði sem þar ríkir. Í lögum vantar skilgreiningu á hvað eru „alvarleg spjöll“. Refsiramminn er of víður m.v. engar skilgreiningar fylgi og gildir jafnt ásetningur sem óhapp. Við gerum tillögu að fella út texta eignaupptökuákvæðis og þeim mismun sem kemur fram í að aðeins eiganda sem er á gerningsstað sé refsað, en aðrir taki þá minni refsingu. Samkvæmt þess væri möguleiki að dæma, sekta og fangelsa fyrir það eitt að lenda t.d. í umferðaróhappi og farartækið lendir utan vegar.

Hér er gerð tillaga að breyttri 91. gr.:

„Brot gegn lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Nú hljótask af broti óafturkræf alvarleg spjöll á náttúru landsins af ásetningi, en ekki óhappi og skal brotamaður þá sæta sektum, að lágmarki 350.000 kr., eða fangelsi allt að fjórum árum. Lágmarksfjárhæð sekta skal taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs. Gera má jafnt lögaðila sem einstaklingi sekt vegna brota á lögum þessum. Sektir má ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans. Sektir renna í ríkissjóð.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.“

Fram skal tekið að Ferðafrelsisnefnd Ey4x4 sendi inn athugasemdir við drög að frumvarpinu, 24. september 2012, til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

F.h. **Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar Ferðaklúbbsins 4x4**,  
og sem áhugamenn um hálendisferðir og náttúruskoðun.

**Björn Jóhannsson**, skipulags- og mannvirkjahönnuður, áhugamaður um fugla.  
Kt. 081252-7349, Kringlumýri 18, 600 Akureyri

**Björn Pálsson**, öræfabílstjóri, áhugamál um ferðalög.  
Kt. 111148-4819, Mýrarvegi 113, 600 Akureyri.

**Brynjólfur Eyjólfsson**, jarðeðlisfræðingur, áhugamaður um ferðalög í Ódáðahrauni.  
Kt. 021251-3809, Hjallalundi 22, 600 Akureyri.

**Elías Þorsteinsson**, vélfræðingur og sérlegur áhugamaður um aðgengi fatlaðra,  
Kt. 160852-4459, Huldugili 10, 603 Akureyri.

**Erlingur Harðarson**, kerfisfræðingur og sérlegur áhugamaður um náttúru ljósmyndun,  
Kt. 020359-4049, Ásvegi 18, 600 Akureyri.

**Grétar G Ingvarsson**, jarðfræðingur,  
Kt. 230552-4799, Ásvegi 15, 600 Akureyri.

**Jóhann Björgvinsson**, vélfræðingur og áhugamaður um fornmenjar.



Kt. 020658-5179, Stafholti 22, 603 Akureyri.